



Aðalstjórn Aftureldingar – Verkaskipting og ábyrgð

Samþykkt á fundi aðalstjórnar 8. september 2010

Hlutverk stjórnar.

Stjórn Aftureldingar hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda og ber sameiginlega ábyrgð á rekstri þess og allra deilda eins og nánar er skilgreint í lögum félagsins. Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og fylgir eftir stefnu þess. Hún er málsvari félagsins og allra deilda þess og sér um samræmingu á starfi deildanna ásamt því að gæta hagsmuna þeirra allra.

Formaður.

Formaður Aftureldingar er talsmaður félagsins út á við og yfirmaður framkvæmdastjóra félagsins. Formaður sér um samninga félagsins við Mosfellsbæ og samskipti við sveitarfélagið, UMSK, UMFÍ, ÍSÍ og aðra aðila sem félagið á í viðskiptum og samskiptum við vegna starfsemi sinnar. Formaður hefur jafnframt umsjón með stefnumótun félagsins og stýrir stjórnarfundum þess, formannafundum og almennum fundum og samkomum eftir því sem það á við.

Varaformaður.

Varaformaður Aftureldingar er staðgengill formanns í forföllum hans og formanni til aðstoðar við umsjón og eftirfylgni stefnumótunar félagsins og samskipti og samninga félagsins útávið. Varaformaður er ásamt formanni talsmaður aðalstjórnar gagnvart formönnum deilda félagsins og fylgir málefnum deilda eftir í aðalstjórn og út á við í samráði við formann.

Gjaldkeri.

Gjaldkeri aðalstjórnar félagsins hefur yfirumsjón með fjármálum og fjárreiðum aðalstjórnar félagsins. Gjaldkeri hefur eftirlit með fjármálum deilda félagsins í samráði við framkvæmdastjóra félagsins. Gjaldkeri er sjálfkrafa annar tveggja skoðunarmanna reikninga deilda félagsins og hefur fullan eftirlitsaðgang að bókhaldi og bankareikningum allra deilda og félagsins. Gjaldkeri hefur jafnframt yfirumsjón með félagatali félagsins og innheimtu félagsgjalda.

Ritari.

Ritari aðalstjórnar ritar fundargerðir aðalstjórnar, formannafunda og annarra funda sem aðalstjórn stendur fyrir og ritari er aðili að. Ritari hefur yfirumsjón með vistun fundargerða aðalstjórnar og deilda félagsins. Ritari sér til þess að fundargerðum og öðru því efni sem varðveislugildi hefur sé skilað til héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Ritari heldur utan um afrekaskrár og viðurkenningar sem veittar eru félagsmönnum ungmennafélagsins. Ritari hefur yfirumsjón með vefsíðu félagsins fyrir hönd stjórnar og miðlun fréttu af starfi hennar.

Meðstjórnandi og varamenn.

Meðstjórnandi og varamenn félagsins taka þátt í verkefnum aðalstjórnar auk þess sem þeir taka að sér ákveðin verkefni á vegum hennar s.s. setu í nefndum fyrir hönd aðalstjórnar.